

Skólaráð Naustaskóla

15. desember 2025

Mættir: Vala Björt Harðardóttir kennari, Jóhanna Sif Hannesdóttir, Védís Þorsteinsdóttir, Bryndís Björnsdóttir, Lovísa O. Eyvindssdóttir og Þuríður L. Rósenbergsdóttir (Forföll Aldís)

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Frístundarmál.

Formaður fræðslusviðs hafði samband við skólastjóra og upplýsti að stefnt væri á að skólinn fengi frístundarrýmið til afnota og skólastjóri óskar þá eftir frístundarrýminu samkvæmt teikningu skólans og skólinn þarfnast jafnframt vinnuherbergi sem því fylgja.

Atvik varð í frístund þar sem foreldri og barn urðu vitni að ofbeldi sem barn beitti starfsfólki. Rætt um viðbrögð skólans og eftirfylgni í málinu. Rætt um hvaða skólaúrræði og meðferðarúrræði eru til fyrir börn sem þurfa meira en það sem skólinn hefur fram að færa og hvaða áhrif hegðun barna í vanda hefur á önnur börn.

2. Þátttaka nemenda í skólaráði.

Samkvæmt reglum þá eiga nemendur að sitja í skólaráði. Erfiðlega gengur að fá nemendur til að sitja fundi eftir hádegi. **Mánudagur kl.8:15** er fundartími sem gengur upp.

3. Upplýsingamiðlun til fulltrúa foreldra.

Ákveðið að fulltrúar foreldra í skólaráði fái framvegis sendan vikulegan tölvupóst sem skólastjóri sendir til starfsmanna til upplýsingamiðlunar o.fl. Í einstökum tilfellum þarf að gæta trúnaðar varðandi mál sem þar eru kynnt.

4. Félagsstarf nemenda – félagsmiðstöð – miðstigsopnun

Í haust var starfsemi forvarnar- og frístundastarfs fært inn í grunnskóla Akureyrar. Deildarstjóri frístundar er Arndís Ósk Arnarsdóttir og félagsmálafulltrúi er Tómas Ólafsson. Rætt var um jákvæðar breytingar í félagsstarfi í kjölfarið sérstaklega á miðsstigi. Rætt um að mæta 7.b. með að vera með opið hús kl.16:30 – 18:00.

5. Hlutverk skólaráðs – starfsreglur.

Rætt hvort þörf sé á að skilgreina hlutverk skólaráðs. Fara yfir þennan þátt á næsta fundi.

6. Önnur mál.

Rætt um opin kennslurými.

Torfa Hjartarson og Anna Kristín hafa rannsakað grunnskóalbyggingar. Fyrirhuguð er ráðstefna í apríl í tengslum við það verkefni.

Rætt um námsver sem skólinn er að útbúa og verður komið í gagnið um miðjan janúar.

Fulltrúi foreldra skoðar með sínum hópi (foreldrafélaginu) hvort þau geti komið að því að gefa nemendum/skólanum t.d. samlokugrill og örbylgjuofn. Einnig nýjan vagn í útiskólann en hann er orðinn lélegur sem nú er í notkun.

Næsti fundur 12. janúar 2026 kl.8:15